



Áveitan

2. tbl. 10. árgangur. Febrúar 2016

Porrablót í Pingborg

Porrablót Umf. Baldurs og skemmtinefndar Sandvíkurhrepps verður haldið í Pingborg laugardagskvöldið 6. febrúar. Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar spilar fyrir dansi fram á nótt en húsið mun opna fyrir þá sem vilja mæta til að dansa kl. 23:30. Miðaverð 2500 kr.

Hjónaball Gaulverja verður haldið í Félagslundi laugardagskvöldið 6. febrúar nk. Húsið opnar kl. 24:00 fyrir ballgesti og mun dansleikur standa yfir eitthvað fram eftir nóttu. Á ballið, sem verður hin mesta skemmtun, kostar litlar 1500 krónur. Láttu þig ekki vanta.

Kveðja Hamarssamtökin

Símaskrá Flóahrepps

Ritnefnd Umf. Þjótanda hefur ákveðið að gefa út símaskrá fyrir Flóahrepp nú í vetur. Nú eru orðin átta ár síðan Kvenfélag Hraungerðishrepps gaf út símaskrá fyrir hreppinn og er talið að komin sé tími á að uppfæra og endurútgefa skrána.

Til að safna símanúmerum verður notast við vefsíðuna ja.is en þeir sem vilja koma númerum eða netföngum í skrána sem ekki finnast á ja.is eru vinsamlegast beðnir að koma þeim upplýsingum til Ragnars í Brandshúsum á netfangið icegordon@gmail.com sem allra fyrst, og ekki síðar en í lok febrúar. Áætlað er að koma símaskránni út fyrir vorið.

Bestu kveðjur, ritnefnd Umf. Þjótanda

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson
icegordon@gmail.com

Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir
idunnyr84@gmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Sælir ágætu lesendur Áveitunnar

Enn eru komin mánaðamót og flóðgátt Áveitunnar opnast. Árið 2016 er það tíunda sem blaðið kemur út.

Nú í upphafi árs verða nokkur þáttaskil í útgáfu blaðsins, okkar nýja félag Ungmennafélagið Þjótandi verður nú útgefandi og kosin hefur verið ný ritnefnd. Undirrituð verður áfram í nefndinni og gegnir formennsku, en nýtt fólk er Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir í Forsæti og Ragnar Sigurjónsson í Brandshúsum. eru þau boðin velkomin til starfa og þakkað sérstaklega fyrir að gefa kost á sér. Þeir Stefán Geirsson og Baldur Gauti Tryggvason láta nú af störfum og er þeim þakkað frábært ritstjórnarstarf í gegnum árin.

Efnistöð blaðsins verða með svipuðu sniði nú á nýju ári. Fréttir og tilkynningar frá ungmennafélaginu, sveitarfélaginu, og hverjum þeim sem vill koma einhverju á framfæri. Efni skal senda fyrir 30. hvers mánaðar til einhverra í ritnefndinni, og eru netföngin birt hér að ofan. Pistillinn verður áfram á sínum stað og er fólk hvatt til að bregðast vel við sé á það skorað. Nýr dálkur birtist í blaðinu nú í fyrsta sinn, en það er Uppskriftahornið, skemmtilegur þáttur sem Iðunn Ýr stýrir og er fólk beðið að senda efni í dálkinn til hennar.

Það skal áréttað hér sem áður hefur komið fram að Áveitan er hvorki vettvangur fyrir pólitísk skoðanaskipti né harðorða umkvörtunarpistla og áskilur ritnefnd sér rétt til að neita að birta slíkt efni. Allt skemmtiefni er hins vegar vel þegið.

Megi nýja árið fara um okkur mjúkum höndum,
bestu kveðjur til allra lesenda
Fanney Ólafsdóttir

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Gott er að hugsa til þess að sól er nú aftur að hækka á lofti og dagurinn farinn að lengjast svo um munar.

Framundan er álagning fasteignagjalda og verða gjöldin innheimt á 9 gjalddögum eins og á síðasta ári. Fyrsti gjalddaginn verður 1. mars 2016. Almenn ánægja er meðal foreldra með að börn í Flóaskóla fái akstur beint í tómsundur á Selfossi að skóla loknum. Margir stunda þar hópíþróttir fara á fótbolta- og fimleikaæfingar eða í tónlistar- eða ökunám. Sveitarstjórn hefur ákveðið að þjónustan verði óbreytt í febrúar til þess að fá glögga mynd á þörfina fyrir þennan akstur áður en endanlega ákvörðun verður tekin um áframhaldið. Gjald fyrir hverja ferð verður áfram 500 kr.pr. ferð. Umsóknareyðublað er á heimasíðu Flóahrepps.

Umhverfisátakið heldur áfram undir stjórn Atvinnu-og umhverfisnefndar og sérstök áhersla er nú lögð á vandaðan frágang á endurvinnslu efni. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum sem sjá um söfnun heyrúlluplasts, eru 96 % þeirra sem nú nýta sér þjónustu varðandi hirðingu á plasti að standa sig mjög vel og skila hreinu og vel frágengnu plasti. Eitthvað vantar uppá hjá 4 % notenda varðandi fráganginn og aðkomu að losunarstöðum. Bið ég ykkur að skoða vel meðfylgjandi leiðbeiningabækling og lagfæra þar sem við á, þannig að þessi afurð nýtist sem best.

Í janúar var haldinn fundur með verktökum í snjómokstri og Vegagerðinni þar sem oddviti og sveitarstjóri fóru yfir ýmis áhersluatriði og tímasetningar varðandi mokstur á svæðinu með verktökum og Vegagerð. Þar var okkur falið að koma ábendingum frá verktökum í snjómokstri til baka til ábúenda. Verktakar leggja mikla áherslu á að vegkantar heimreiðar og hlöð séu vel aðgengileg. Það á bæði við hvað varðar rafgirðingar í vegköntum og ýmsikonar dót með vegum og á plönum. Eitthvað er um að slíkt dót hafi óvart lent fyrir plögum eða inni í snjóblásurum og valdið töfum og jafnvel skemmdum á tækjum. Það er mjög mikilvægt að hafa tímanlega í huga á haustin, að verktakar í snjómokstri geti sinnt stöfum sínum án þess að verða fyrir töfum. Það er einnig mjög mikilvægt að heimreiðar að nýjum húsum komist á skrá hjá

Vegagerðinni sem tekur þá út aðstæður og tryggir að vegurinn uppfylli ákveðin skilyrði hvað varðar öryggi og rými meðfram veginum. Það auðveldar verktökum einnig að athafna sig við snjómokstur. Sækja þarf um skráningu hjá Vegagerðinni á Selfossi.

Stýrihópur vegna aðalskipulagsgerðar í Flóahreppi heldur áfram vinnu sinni og eru minnispunktar funda birtir jafnóðum á heimasíðu Flóahrepps undir bláum tengli hægra megin á síðunni. Síðasti fundur hópsins var haldinn 28. janúar 2016.

Tími þorrablóta stendur yfir í félagsheimilunum í Flóahreppi. Ég hvet ykkur til þess að taka þátt og gleðjast með gestum og nágrönnum. Allur undirbúningur er unninn í sjálfboðavinnu og er mikill metnaður hjá öllum nefndunum við undirbúning þessara hátíða.

Sveitarstjóri Flóahrepps

Fjör í Flóa 2016

Dagana 27. til 29. maí verður haldin í Flóahreppi sveitarhátíðin Fjör í Flóa. Dagskrá hátíðarinnar er í mótun á vettvangi rekstrarstjórnar félagsheimilanna. Þeir sem eru áhugasamir um að vera með viðburð, opið hús, sölubás, sýningar eða vilja koma á framfæri hugmyndum að dagskrárliðum eru beðnir um að setja sig í samband við Ingibjörgu Einarsdóttur, húsvörð Þingborgar í síma 691-7082 eða Stefán Geirsson formann rekstrarstjórnar netfang stegeir@hotmail.com.

Rekstrarstjórn

Kæru sveitungar

Mig langar að þakka kærlega fyrir góð viðbrögð við auglýsingunni sem skólinn sendi frá sér fyrir áramót. Þar óskuðum við eftir spilum, púslum, gömlum tölvum og fleira. Við fengum ýmsa hluti frá ykkur sem nýttast okkur vel í skólanum. Það er gott að finna fyrir velvild frá samfélaginu í garð skólans á þennan hátt.

***Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Hulda Kristjánsdóttir
Aðstoðarskólalastjóri***

Glímufréttir

Laugardaginn 23. janúar var keppt í glímu á Reykjavíkurlaikunum, en var það í fyrsta skipti sem glíma var ein af keppnisgreinum á mótinu, að glímumóti loknu var einnig keppt í back hold. Mótið var vel sótt og mættu keppendur frá Íslandi, Skotlandi, Svíþjóð og Sri Lanka til leiks.

Karlar +90 kg.

4. Jón Gunnþór Þorsteinsson - HSK

Unglingar KK +80 kg.

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson - HSK

Opin flokkur kvenna:

2. Marín Laufey Davíðsdóttir - HSK

Konur +65 kg.

1. Marín Laufey Davíðsdóttir - HSK

Konur -65 kg.

3. Guðrún Inga Helgadóttir - HSK

Skákfréttir:

Skákæfingar eru hafnar í Þjórsárveri. Þær eru ætlaðar þeim sem kunna mannganginn eða hafa verið á skákæfingum áður.

Æfingarnar eru á þriðjudögum frá kl 14-15:30 og þjálfari er sem fyrr Ágúst Valgarð Ólafsson. Næsta æfing verður þriðjudaginn 9. febrúar. Nánari upplýsingar gefur Ágúst í netfanginu agust@agust.org

Héraðsmót barna í skák 2016

Laugardagurinn 27.febrúar kl.10-15 verður Héraðsmót HSK barna í skák haldið í Þingborg.

Öll börn á starfssvæði HSK og á grunnskólaaldri eru velkomin, gott er að taka með sér smá nesti.

Nánari upplýsingar og skráning í netfanginu agust@agust.org

Aðalfundur Hrossaræktardeildar Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn í Vatnsholti mánudagskvöldið 8. febrúar kl. 20.30

Stjórnin.

***Ungmennafélagið Þjótandi er á
facebook***

Uppskeruhátíð hrossaræktarfélaganna í Flóahreppi

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélaga Flóahrepps og Hrossamessa verður haldin föstudagskvöldið 26. febrúar 2016 að Ferðapjónustunni Vatnsholti.

Dagskrá hefst kl:20:30 með borðhaldi. „Hrossamessa“ kræsingar af ýmsum réttum með góðu meðlæti:

- Saltað hrossakjöt og hrossabjúgu með jafningi, kartöflum.
- Bollur
- Hægeldað hrossafillet með sósu og meðlæti

Kostar aðeins 4000 kr pr mann. Pantanir í Hrossamessuna þurfa að berast fyrir kl.22:00 mánudaginn 22.febrúar 2015 í síma til Atla Geirs 898-2256 eða mail: atligeir@hive.is og Ágústur Inga í síma 899-5494 eða á netfangið agustk@visir.is

Áætlað er að verðlaunaveiting félaganna hefjist um kl. 21:30. Veitt verða verðlaun fyrir hæst dæmda stóðhest og hæst dæmdu hryssu Flóahrepps 2015.

Gestur fundarins heldur fyrirlestur.

Takið kvöldið frá. Vonumst til að sjá sem flesta.

KVEÐJA
STJÓRNIR HROSSARÆKTARFÉLAGA
FLÓAHREPPS.

Pistillinn

Ég þakka áskorunina Elín, það er stutt frá Selfossi í kaffisopa ☺.
Eftir kuldatíð er vorlegt um að litast í Flóanum, rok og rigning sem gefa fyrirheit um betri tíð og vorið ekki svo langt undan. Hrossin hína reyndar við skjólið í rigningarskúrunum en leika sér þess á milli í vindinum og kroppa í græna grastoppa sem leyndust undir snjónum. Við erum um það bil að taka inn hross og hlakka ég til þess.

Í Flóanum er gott að búa, það leynast forréttindi í því að geta fylgst með hrossunum árið um kring út um eldhúsgluggann, að útsýnið sé fjallahringur suðurlands og að kyrrðin sé rofin af einstaka bíl í stað samfellds niðar frá umferðinni eins og borgarbúar þekkja en þaðan fluttum við í Flóann fyrir rúmum sjö árum.

Þegar ég lít til baka, stendur uppúr að hafa kynnst góðu fólki, nágrönnum og mörgum fleiri gegnum hestamenskuna og félagslífið. Flóamenn eru hjálpsamt fólk og hafa margir aðstoðað okkur Rabba við ýmis verkefni sem voru ný fyrir okkur, snjómokstur, girðingastrekkingar, áburðardreifing og stauraborun svo eitthvað sé nefnt því þó ýmislegt megi vinna með handafla er gott að geta klárað verkefni á nokkrum mínútum sem annars tæki daginn. Við höfum lært að það er **ekki** sama hver traktorinn er, t.d. þegar kemur að því að tengja við staurabor, griparm eða skóflu enda eru nokkrir staðlar í gangi í þeim geira líkt og í tölvugeiranum.

Við Rabbi erum “tölvubændur“, vinnum við hugbúnaðargerð og bókhald með meiru, sitjum við tölvuna í vinnunni bæði í Reykjavík og í fjarvinnu hér heima en það er einmitt möguleikinn á fjarvinnu sem laðaði okkur úr bænum. Að vera í kyrrðinni mestanpart laus við skarkala borgarinnar og eins og áður sagði, nálægt hrossunum allt árið.

Til framtíðar litið er ég á þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að bjóða uppá ljósleiðaratengingu og gera þannig fleirum kleift að velja búsetu á svæðinu. Framtíðarstörf kalla á örugga nettengingu, erfitt er að treysta á þráðlausa háhraða tengingu sem verður hlutfallslega hægari með hverjum notandanum sem tengist og dettur út í snjókomu og/eða vondum veðrum eins og hafa komið í vetur. Þá er maður fastur með bílinn í bílskúrnum

vegna ófærðar og þarf að vinna heima. Ég beini því til sveitarstjórnar og til þingmanna svæðisins að láta verkin tala og eins til sveitunganna að láta sig málið varða.

Mér finnst gott að búa í Flóanum, enda yndislegt á sumrin að skella sér á hestbak á kvöldin í stillunni sem þá er oft og ríða út í nóttina.

Ég skora á Hafðisi Örvar í Súluholti að skrifa næsta pistil.

Sigríður M. Björgvinsdóttir, Tjörnum

Aðalfundur

Skógræktardeildar Samhygðar verður haldinn á loftinu í Félagslundi laugardaginn 20. febrúar 2016 kl. 14:00.

Dagskrá :

Venjuleg aðalfundarstörf,
tillaga um að leggja niður deildina og stofnun nýs skógræktarfélags.

Tillaga um lög fyrir nýtt félag.

Önnur mál.

Nýir félagar boðnir velkomnir.

Stjórnin



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg miðvikudagskvöldið 24. febrúar kl.20:30.

Dagskrá fundarins eru venjubundin aðalfundarstörf, inntaka nýrra félaga og önnur mál.

Hvetjum við sem allra flestar félagskonur til að mæta, og ávallt eru nýjar konur hjartanlega velkomnar til að kynna sér starf kvenfélagsins.

Kvenfélagið er frábær vettvangur til góðra kynna og þar er ekkert kynslóðabil.

Kaffihópur: Betzy Marie Davíðson, Helga Sigurðardóttir, Hilda Pálmadóttir, Ingunn Jónsdóttir, Sigríður Harðardóttir, Matthildur Pálsdóttir og Berglind Björk Guðnadóttir.

Bestu kveðjur stjórnin.

Messa og safnaðarfundur

Messa verður í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 28. febrúar kl. 14.00. Aðalsafnaðarfundur verður haldinn strax eftir messuna. Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefndin

Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Villingaholtshrepps

Verður haldinn miðvikudaginn 17. febrúar kl 20:30 í fundarsalnum á Stóra Ármóti. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og verðlaunaafhendingar fyrir árið 2015.

Eftir fundinn munu Höskuldur og Hilda sýna okkur nýja fjárhúsið á Stóra Ármóti.

Kveðja, stjórnin

UPPSKRIFTARHORNID

Okkur í ritefndinni langar til að koma með nýjan lið í Áveituna. Upp kom sú hugmynd að hafa uppskriftahorn sem væri byggt upp með samskonar sniði og pistillinn þ.e. að fólk skorar hvert á annað.

Uppskriftirnar mega vera af öllum toga s.s. matar- eða handavinnu uppskriftir eða hreinlega uppskrift að góðum degi.

Ég, Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir (Forsæti I) ætla að taka af skarið og koma með uppskrift að gómsætum fiskrétt með eplum, beikoni og bræddum camembertosti. Ég elska að skoða uppskriftir og nota netið mikið til þess. Þessi uppskrift er fengið af síðunni Gulur Rauður Grænn og Salt -<http://grgs.is/2015/06/07/fiskrettur-med-eplum-beikoni-og-camembertosti/>

Fiskréttur með eplum, beikoni og bræddum camembertosti

3 græn epli, afhýdd og skorin í bita

1 paprika (græn eða rauð), skorin í bita

6-7 sneiðar beikon

Smjör

ca. 800 g ýsa

Hveiti

Pipar

Salt

1 stk Camembert-ostur

Rifinn ostur

Skerið beikonið í 3-4 bita (hver sneið) og steikið í smjöri þar til það er orðið glært.

Skerið ýsuflakið í litla bita og veltið því upp úr hveiti, pipar og salti. Steikið við vægan hita.

Allt er síðan látið í eldfast mót og Camembert-ostur er látinn í litlum bitum hér og þar ofan á. Dreifið að lokum rifnum osti yfir allt.

Hitið í 20-30 mínútur við 180°C

Ég skora á góð vinkonu mína hana Mareike Schacht sem býr á Fljótshólum um að koma með uppskrift í næsta blað.

Úrslit af HSK mótum í frjálsum

Það voru 18 hressir krakkar úr Umf. Þjótanda sem fóru í Hafnarfjörð 10. janúar sl. og tóku þátt í HSK mótunum í frjálsum. Farið var með rútu og eftir mótið fór hópurinn út að borða. Góður dagur í alla staði. Hér eru úrslit okkar fólks:

Nafn	Aldur	Grein	Sæti	Árangur
Guðmunda Briet Steindórs	12	60 m hlaup	9.	12,03 sek
Guðmunda Briet	12	Hástökk	8.	0,90 m
Guðmunda Briet	12	Langstökk	9.	2,46 m
Guðmunda Briet	12	Kúluvarp 2,0 kg	8.	5,25 m
Erlín Katla Hansdóttir	11	60 m hlaup	13.	11,83 sek
Erlín Katla	11	Langstökk	10.	2,66 m
Erlín Katla	11	Kúluvarp 2,0 kg	10.	5,02 m
Fannar Levý Bárðarson	11	60. m hlaup	12.	11,74 sek
Birgir Sigur Sigurðsson	11	60. m hlaup	13.	12,03 sek
Sigurður Kristinn Sigurðs	11	60. m hlaup	14.	12,36 sek
Sigurður Kristinn	11	Kúluvarp 2,0 kg	12.	5,49 m
Sigurjón Reynisson	11	Kúluvarp 2,0 kg	6.	6,45 m
Sigurjón Reynisson	11	60. m hlaup	2.	9,94 sek
Sigurjón Reynisson	11	Hástökk	6-8.	1,08 m
Sigurjón Reynisson	11	Langstökk	1.	3,73 m
Sigurjón Reynisson	11	600 m.	2.	2:10,28 mín
Heinz Jóhann Brynjólfs	12	60. m hlaup	9.	11,29 sek
Heinz Jóhann	12	Kúluvarp 3,0 kg	9.	5,49 m
Ágúst Þorsteinsson	12	60. m hlaup	10.	11,64 sek
Ágúst Þorsteinsson	12	Hástökk	9.	1,00 m
Kristján Ingi Þórðarson	13	Langstökk	8.	3,08 m
Kristján Ingi	13	60. m hlaup	7.	10,63 sek
Kristján Ingi	13	Kúluvarp 3,0 kg	8.	6,36 m
Kristján Ingi	13	Hástökk	6.	1,08 m
Símon Martinsson	13	Langstökk	9.	2,76 m
Símon Martinsson	13	60. m grind	5.	18,21 sek
Símon Martinsson	13	60. m hlaup	8.	11,83 sek
Smári Þór Svansson	13	Langstökk	10.	2,33 m
Smári Þór Svansson	13	Kúluvarp 3,0 kg	9.	6,33 m
Smári Þór	13	Hástökk	7.	1,03 m
Smári Þór	13	60. m hlaup	9.	12,03 sek
Unnsteinn Reynisson	13	60. m hlaup	5.	10,10 sek
Unnsteinn Reynisson	13	Kúluvarp 3,0 kg	7.	6,89 m
Unnsteinn Reynisson	13	Langstökk	7.	3,34 m
Unnsteinn Reynisson	13	800. m	3	3:22,89 mín
Einar Árni Ólafsson	13	Kúluvarp 3,0 kg	5.	7,51 m
Logi Viðarsson	14	Kúluvarp 4,0 kg	8.	6,37

Nafn	Aldur	Grein	Sæti	Árangur
Stefán Narfi Bjarnason	16	60. m	3.	7,95 sek
Stefán Narfi	16	langstökk	3.	5,41 m
Stefán Narfi	16	Kúluvarp 5,0 kg	1.	11,29m
Stefán Narfi	16	Hástökk	2.	1,70 m
Árni Már	16	60. m	9.	9,44 sek
Árni Már	16	langstökk	10.	3,90 m
Árni Már	16	Kúluvarp 5,0 kg	9.	8,62 m
Kolbrún Katla	15	60. m	5.	9,38 sek
Kolbrún Katla	15	Kúluvarp 3,0 kg	6.	7,26 m
Arndís María	15	60. m	12.	10,96 sek

Járningar

Góð reynsla og vönduð vinnubrögð. Nánari upplýsingar gefur Andri Þór í síma 866-7870.

***Andri Þór Erlingsson
Skálateigi***

Óskum eftir mótör

Við ætlum að smíða kassabíl með mótör. Vantar mótör sem er helst í lagi, eða ekki mikið bilaður. Hann má vera úr t.d. hjólsög, slátturvél, orfi eða öðruvísi mótör sem hentar í verkefnið. Frábært væri ef þetta væri eitthvað sem mætti hirða eða fá á lítinn pening.

Kær kveðja

Eiríkur Arnason, Árni Geir og Kristján Ingi.

Messa og messukaffi

Guðsþjónusta verður í Hraungerðiskirkju sunnudaginn 14. febrúar kl. 14 og síðan messukaffi í Þingborg – Pálínuboð.

Húnakórinn úr Reykjavík kemur til kirkju og flytur nokkur lög í kaffinu á eftir. Þau syngja m.a. Ó. undur lífs við ljóð Þorsteins Valdimarssonar og Ave María eftir Nyberg. Auk þess mun kórinn frumflytja lag söngstjórans við ljóð sýslunga síns, Jónasar Tryggvasonar. Það heitir Draumur. Söngstjóri Húnakórsins er Eiríkur Grímsson.

Verið velkomin! Athuga breyttan messutíma!

P. S. Fyrsta kóræfing eftir jól verður í Þingborg fi, 4. febrúar kl. 20.30. Nýir félagar velkomnir!

IHJ ihjstikill@gmail.com og sími 865-2586

Frá Umf. Vöku:

Gögn Umf. Vöku

Ungmennafélagið Vaka var lagt niður 18. janúar síðastliðinn. Verið er að tína til skjöl frá félaginu og ganga frá til afhendingar á Héraðsskjalasafn Árnesinga. Ef einhver lumar á skjölum fá félaginu s.s. bréfum, fundargerðabókum, ljósmyndum einhverju slíku sem ætti heima með skjölum ungmennafélagsins þá er viðkomandi beðinn um að hafa samband við Guðmundu í síma 846-9775 eða gudmunda89@gmail.com.

Fréttir af aðalfundi Umf. Vöku

Aðalfundur Umf. Vöku var haldinn mánudagskvöldið 18. janúar í Þjórsárveri. Á fundinn voru mættir 18 félagar. Formaður og nefndarformenn lásu sínar skýrslur á fundinum auk þess sem gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Eftirfarandi tillaga var lögð fram af stjórn félagsins:

Aðalfundur Umf. Vöku í Þjórsárveri 18. janúar 2016 samþykkir að leggja félagið niður. Eignir félagsins skulu renna til Umf. Þjótanda í Flóahreppi.

Greinargerð: Nú hefur verið stofnað nýtt ungmennafélag í Flóahreppi sem ber nafnið Ungmennafélagið Þjótandi. Hinu nýja félagi er ætlað að taka við störfum ungmennafélaganna Umf. Baldurs, Umf. Samhygðar og Umf. Vöku og skapa ungmennum sveitarinnar þar með betri sameiginlegan vettvang til íþrótt- og félagsstarfs. Það er mat núverandi stjórnar að félaginu Umf. Vöku sé meiri sómi sýndur með því að það sé lagt niður heldur en það sé látið lifa áfram án mikillar virkni. Þessi tímamót eru engin endalok, Ungmennafélagið Þjótandi er nýr kafli í sögu ungmennafélagsstarfs í Flóahreppi og það er okkar von að sveitungar taki virkan þátt í störfum nýja félagsins.

Um tillöguna spunnust góðar umræður en kjarni þeirra var sá að félagsmenn töldu jákvæða þróun vera að eiga sér stað þrátt fyrir að mikil eftirsjá yrði af Umf. Vöku. Í fundarhléi var boðið upp á góðar veitingar í tilefni 80 ára afmælis félagsins en það var stofnað árið 1936. Í fundarhléinu var einnig haldin keppni í langstökki án atrennu þar sem fólki gafst tækifæri á því að reyna að slá Vökumet í greininni. Nokkrir tóku áskoruninni en höfðu ekki erindi sem erfiði.

Að fundarhléi loknu var verðlaunaafhending. Besta afrek samkvæmt alþjóðastigatöflu IAAF átti Ingunn Harpa Bjarkadóttir fyrir langstökk án atrennu en hún stökk 2,49m sem gaf 884 stig. Sæþór Atlason átti besta afrek samkvæmt unglingsstigatöflu 18 ára og yngri fyrir kúluvarp (2kg) en hann kastaði 8,48m sem gaf 889 stig. Íþróttamaður ársins var Ingunn Harpa Bjarkadóttir fyrir afrek sín en hún var stigahæsta konan á Samhygðar- og Vökumótinu auk þess sem hún sló þrjú Vökumet í atrennulausum stökkum á árinu. Félagsmálabikarinn hlaut Hallfríður Ósk fyrir störf sín sem gjaldkeri félagsins en hún lét á fundinum af embættinu eftir 11 ára farsælt starf. Að verðlaunaafhendingu lokinni var kosið um tillöguna sem lögð var fram fyrir á fundinum og var hún samþykkt samhljóða. Síðasta Aðalfundi Umf. Vöku var svo slitið kl 21:55.

Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps:

Folaldasýning fyrir félagsmenn í Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps verður haldin sunnudaginn 28. febrúar í Sleipnishöllinni á Selfossi.

Eigendur folalda eru beðnir um að vera mættir kl 13:00, en sýningin hefst kl 13:30.

Ágúst Ingi tekur við skráningu í síma 899-5494 eða 482-1032, eða netfangið: agustk@visir.is og þarf skráning að hafa borist í síðasta lagi á fimmtudagskvöldið 25. febrúar.

Þátttökugjald er 1500 kr á folald og greiðist á staðnum með reiðufé.

Það sem koma þarf fram við skráningu er eftirfarandi: litur, nafn, faðir, móðir, eigandi og ræktandi.

Hest- og merfolöldum verður skipt upp í 2 flokka. Verðlaun fyrir 3 efstu sætin í hvorum flokki og folatollur fyrir efsta sætið.

Kaffiveitingar verða seldar á staðnum gegn vægu gjaldi. Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórnin.

Aðalfundur

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg mánudagskvöldið 15. febrúar nk. kl. 20.30.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og Óðinn Örn Jóhannsson blaðamaður á Eiðföxa verður með fyrirlestur um hestamennsku.

Stjórnin vill hvetja félagsmenn að mæta og nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Frá Hrossaræktarfélagi Villingaholtshrepps:

Aðalfundarboð

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn föstudaginn 12.febrúar 2016 að Ferðabjónustunni Vatnsholti. Fundurinn hefst kl.20.30 með léttum kvöldverði (súpa og brauð) í boði félagsins.

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Folaldasýning

Folaldasýning fyrir félagsmenn Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldin sunnudaginn 14. feb. 2016 í reiðhöllinni á Austurási (Votmúlaveginum) kl.14.00. Þáttökugjald 2000 kr fyrir hvert folald. Skráning hjá Atla Geir í síma S:8982256 atligeir@hive.is

Skráningfrestur rennur út kl 22.00 11. feb. 2016. Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi. Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl.13.30.

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin merfolöld og hestfolöld. Léttar kaffiveitingar í hléi.

Vonumst til að sjá sem flesta.

STJÓRNIN.

Frá Umf. Baldri

Aðalfundur

Aðalfundur Umf. Baldurs verður haldinn í Þingborg þann 21. febrúar klukkan 14:00. Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Fyrir fundinum liggur eftirfarandi tillaga um að leggja félagið niður og láta eignir þess renna inn í Ungmennafélagið Þjótanda:

„Aðalfundur Umf. Baldurs haldinn í Þingborg þann 20. febrúar 2016 samþykkir að Umf. Baldur verði lagt niður og eignir þess gangi til Umf. Þjótanda í Flóahreppi.“

Endilega mættu og segðu þína skoðun. Hvað verður um Einbúa og þorablót verði félaginu slitið? Ætlunin er að allir núverandi félagar í Umf. Baldri flytjist sjálfkrafa yfir á félagatal Þjótanda við samrunann en öllum félagsmönnum er frjálst að óska eftir því að nafn þeirra verði ekki flutt á milli. Ef það er ósk félagsmanna að gera það ekki má hafa samband við formann Baldur Gauta í síma 8673538 eða í netfangið umfbaldurhraung@gmail.com.

Dagskrá aðalfundar

1. Fundarsetning og skipan fundarstarfsmanna
2. Fundargerð síðasta aðalfundar
3. Skýrsla stjórnar og reikningar
4. Skýrslur nefnda
5. Tillögur stjórnar lagðar fram
6. Fundarhlé
7. Verðlaunaafhending (Íþróttamaður ársins)
8. Önnur mál og umræður um tillögur og afgreiðsla
9. Fundarslit

Frjálsíþróttافرéttir

Meistaramót Íslands 11-14 ára í frjálsum íþróttum fór fram dagana 30.-31. janúar í Kaplakrika. Sex krakkar úr Flóahreppi voru í sigurliði HSK/Selfoss sem sigraði mótið með yfirburðum. Hér er árangur krakkana:

Nafn	Félag f.ár	Grein	Árangur	Sæti
Sigurjón Reynisson	UmFÞ '05	60m hlaup	10,19sek	9.
		600m hlaup	2:13,56	10.
		Hástökk	1,11m	7.
		Langstökk	3,58m	4.
		Kúluvarp (2kg)	7,08m	8.
Daði Kolviður Einarsson	UmFS '05	60m hlaup	9,46sek	1.
		600m hlaup	2:01,27mín	1.
		Hástökk	1,16m	4.-5.
		Langstökk	3,79m	1.
Daði og Sigurjón voru báðir í A-sveit HSK/Selfoss í 4x200m boðhlaupi pilta 11 ára en sveitin sigraði sitt hlaup á tímanum 2:17,42mín.				
Sæþór Atlason	UmFS '04	60m hlaup	9,45sek	9-10.
		Hástökk	1,21m	10-11.
		Langstökk	4,04m	7.
		Kúluvarp (3kg)	8,52m	1.
		4x200mboðhl	2:07,56mín	2.
Dagur Fannar Einarsson	UmFS '02	60m hlaup	8,18sek	3.
		800m hlaup	2:21,69mín	2.
		60m grind	11,26sek	7.
		Hástökk	1,36m	10.
		Langstökk	4,64m	5.
		4x200mboðhl	1:47,88 mín	1.
Unnur María Ingvarsdóttir	UmFS '02	60m hlaup	10,06sek	39.
		800 hlaup	3:06,11mín	14.
		60m grind	11,69sek	15.
		Hástökk	1,26m	14.
		Langstökk	3,33m	28.
		Kúluvarp (3kg)	6,64m	19.
Ingibjörg H. Jóhannesdóttir	UmFS '02	4x200mBoðhl	2:09,05mín	7.
		60m hlaup	10,38sek	40.
		800m hlaup	2:59,43mín	11.
		60m grind	14,64sek	20.
		Hástökk	1,06m	23.
		Langstökk	3,11m	33.
		4x200mBoðhl	2:24,46mín	10.

Dagskrá mánaðarins

Porrablót í Þingborg	6. febrúar
Hjónaball Gaulverja	6. febrúar
Aðalfundur Hrossaræktardeildar Gaulverja	8. febrúar
Skákæfing	9. febrúar
Glímuæfing	11. febrúar
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Villingh.hr	12. febrúar
Folaldasýning Hrossaræktarfél. Villingah.hr	14. febrúar
Messa í Hraungerðiskirkju og messukaffi	14. febrúar
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraung.hr	15. febrúar
Skákæfing	16. febrúar
Aðalfundur Sauðfjarræktarfélags Villingah.hr	17. febrúar
Glímuæfing	18. febrúar
Aðalfundur Skógræktardeildar Samhygðar	20. febrúar
Aðalfundur Umf. Baldurs	21. febrúar
Skákæfing	23. febrúar
Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	24. febrúar
Glímuæfing	25. febrúar
Uppskeruátíð hrossaræktarfélaganna	26. febrúar
Héraðsmót barna í skák	27. febrúar
Folaldasýning Hrossaræktarfélags Hraung.hr	28. febrúar
Messa og aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæ	28. febrúar

